

# Reglugerð nr. 30.4 um Meistaramót utanhúss í eldri aldursflokkum, utanhúss

## 1. Framkvæmd móts

1. Keppnin skal fara fram á tveimur samliggjandi dögum.
2. Keppt skal í aldursflokkum samkvæmt reglugerð nr. 26 um aldursflokkaskipan.
3. Keppnisgreinar eru 100m, 200m, 400m, 800m, 1500m, 3000m, stutt grhl., löng grhl., 4x100m boðhlaup í blandaðri sveit (karl-kona-karl-kona), hástökk, langstökk, þristökk, stangarstökk, kúluvarp, spjótkast, kringlukast og lóðkast.
4. Á mótinu keppa félög sín á milli um titilinn Íslandsmeistari í eldri aldursflokkum. Stigakeppni á mótinu fer þannig fram að sigurvegari í hverri grein fær 6 stig, annað sæti gefur 5 stig o.s.frv., þannig að 6. sæti gefur 1 stig. Í boðhlaupinu skulu að minnsta kosti tvær konur vera í sveitinni. Aldursflokkur sveitar ákvarðast af yngsta sveitarmeðlim.
5. Niðurröðun greina á daga fer fram samkvæmt ákvörðun mótshaldara að höfðu samráði við masters ráð.
6. Gestapátttaka er heimil einstaklingum sem ekki eru skráð í aðildarfélög FRÍ, gegn þreföldum þátttökugjöldum.
7. Á mótinu skal veitt sérstök viðurkenning til þeirra sem ná hæstri stigatölu fyrir afrek í flokki karla annars vegar og kvenna hins vegar samkv. reiknilíkani World Masters Athletics.
8. Séu skráðir keppendur fleiri en 12 í köstum og stökkum skal leitast við að skipta hópnum þannig að ekki verði fleiri en 12 keppendur í hverjum keppnishóp. Miða skal við að allir í sama aldursflokki keppi saman. Gera skal grein fyrir skiptingunni í tímaseðli.

## 2. Verðlaun

1. Útgáfa Meistaramótsverðlaunapeninga skal vera í höndum FRÍ.
2. Veita skal verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein, gull, silfur og brons, í hverjum flokki, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
3. Einungis íslenskur ríkisborgari skráður í aðildarfélag FRÍ getur orðið Íslandsmeistari og átt tilkall til verðlauna. Erlend gestapátttaka er þó heimil.
4. Birta skal yfirlit um fjölda gull-, silfur- og bronsverðlauna, sem hvert félag/samband vinnur, í öllum aldursflokkum karla og kvenna og samanlagt. Fyrst skal raðað eftir fjölda gullverðlauna, ef jafnt er skal raðað eftir fjölda silfurverðlauna og loks skal raða eftir bronsverðlaunum á sama hátt.

## 3. Önnur ákvæði

1. Meistaramót Íslands skal að öllu öðru leyti, en því sem lýst er í greinum 1 - 3, fara fram eftir reglum World Masters Athletics, að undanskildinni grein 5 í reglugerð nr. 25, um Sérkeppnisreglur FRÍ um auglýsingar á búningum, reglugerð nr. 26 um aldursflokkaskipan og 7. gr. um þjófstart og rásblokkir.
2. Keppendur skráðir í aðildarfélög FRÍ keppi í félagsbúningi.

## Saga

1. Samþykkt sem sérstök reglugerð skv. ákvörðun þings 2024
2. Uppfært til kynningar á formannafundi des 2024. Nú vísað í reglugerð nr 26 um aldursflokka, tekin fram krafa um félagsaðild, auk lítilsháttar lagfæringa.

3. Ýmsar breytingar til að festa í sessi núverandi framkvæmd MÍ í mastersflokkum, kynnt á formannafundi í apríl 2025.
4. Uppfært á þingi 2026.